



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. maí 2010
Mál nr. 1005012

Efni: Umsögn, innheimta aflagjalds, 525. mál.

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna um 525. mál, innheimtu aflagjalds.

Samtökin mótmæla að aflagjald eigi að miðast við aflaverðmæti, en við höfum ítrekað lýst þeirri skoðun okkar að vörugjöld, þar með talið aflagjald, eigi að miða við magn, en ekki verðmæti.

Þetta frumvarp byggir á skýrslu um *Fjárhagsvanda hafna* frá 18. desember 2009. Í niðurstöðum kafla 6.4, bls. 25, segir meðal annars:

„Í álitinu kemur fram að heimildir hafnalaga fullnægi ekki heimildum til skattlagningar, þ.e. í þeim er eingöngu heimild til innheimtu þjónustugjalda. Þjónustugjald má ekki vera umfram þann kostnað sem hlýst við að veita þjónustu og telst gjaldtaka umfram kostnað almenn tekjuöflun sem styðjast verður við skattlagningarheimild. Án sérstakrar heimildar í lögum má ekki nota tekjur af því að veita eina tegund þjónustu til að greiða niður kostnað við að veita aðra. [...] Niðurstaðan er því sú að innheimta á grundvelli verðmætis sé skattheimta og ekki í tengslum við kostnað við að veita þjónustu og því óheimil.“

Með 2. gr. frumvarpsins er verið að breyta aflagjaldinu úr þjónustugjaldi í skatt, sbr. staflíð e í 2. gr. frumvarpsins. Engin rök er að finna í athugasemdunum af hverju aflagjaldið er gert að skatti, en ekki önnur gjöld sem byggja á þeim ellefu töluliðum 17. gr. Þessi ráðstöfun felur því í sér mismunun og brot á jafnræðisreglu 65. gr. stjkskr.

Við bætist að heimila á með lögum að hækka það aflagjald sem þegar er lagt á í dag. Hér er verið að leggja til að stórauka sérstakar álögur á útgerðir í formi skatts sem á að renna til almenns reksturs hafna. Samtökin mótmæla þessari lögþvinguðu skattheimtu en við slíka álagningu verður meðal annars að gæta jafnræðis, en hvaða rök liggja til grundvallar því að aðeins aflagjald, en ekki önnur gjöld sem hafnir innheimta, eigi að standa undir rekstri hafna? Styðjast verður við lögsmæt sjónarmið við undirbúning lagafrumvarpa og gæta að skilyrða 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimildir.

Tryggja verður að nokkur efnisákvæði gjaldskrá hafna haldi sér óbreytt, verði umrætt frumvarp að lögum, en þau eru m.a. að:

- Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknist af helmingi heildarverðmætis.
- Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.
- Hámarksgjald aflgjalds verði áfram ákveðið fyrir hvert tonn.

Virðingarfyllst,



Friðrik Friðriksson, hdl.